

Stjórnarfundur Neytendasamtakanna 04/03/2026

8. fundur stjórnar 2025-2026

Staður: Guðrúnartún 1

Mætt:

Auður Alfa Ólafsdóttir, Breki Karlsson, Flóki Guðmundsson, Margrét Dóra Ragnarsdóttir, Sigurður Másson, Stefán Hrafn Jónsson, Virpi Jokinen og Þórarinn Stefánsson.

Fjarverandi:

Benjamín Julian, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Pálmey Helga Gísladóttir og Salka Sól Styrmsdóttir.

Gestir:

Ágúst Þór Jónsson og Brynhildur Pétursdóttir

Dagskrá fundar:

1. Setning fundar
2. Gestafyrirlestur
3. Umræða um starfsemi samtakanna frá síðasta fundi
4. Tillaga um ályktanir stjórnar
5. Umræða um áherslumál NS 2026
6. Næstu stjórnarfundir
7. Önnur mál
8. Fundargerð lesin upp til samþykktar
9. Fundarslit

1. Setning fundar

- Formaður setti fundinn klukkan 17:15.
- Breki Karlsson var kosinn fundarstjóri og Sigurður Másson fundarritari.

2. Gestafyrirlestur

- Ágúst Þór Jónsson, formaður faggildingaráðs, fjallaði um stöðu faggildingar á Íslandi og mikilvægi hennar fyrir neytendur. Að kynningu lokinni yfirgaf Ágúst Þór fundinn.

3. Starfsemi samtakanna frá síðasta fundi

- Formaður lagði fram stutt yfirlit yfir helstu þætti starfseminnar frá síðasta fundi.
- Starfsemin og framvinda mála voru yfirfarin og rætt var um helstu verkefni og stöðu þeirra.

4. Ályktanir stjórnar

- Formaður lagði fram til samþykktar eftirfarandi tillögur um ályktanir stjórnar:
 - **Vonbrigði með verðbólgu**

Stjórn Neytendasamtakanna lýsir yfir gífurlegum vonbrigðum með háa verðbólgu. Stjórn skorar á stjórnvöld og atvinnulíf að róa að því öllum árum að koma böndum á hana. Í óáran sem þessari verða fyrirtækjaeigendur að hemja arðsemiskröfur og stjórnvöld að létta álögur. Neysluskattar, líkt og fyrirhugaður sykurskattur, eru olía á verðbólguþálið. Neytendasamtökin hvetja stjórnvöld þess í stað að fella niður virðisaukaskatt á hollustuvörum og að innleiða Nutri-Score kerfið hér á landi. Slíkt slær tvær flugur í einu höggi: dregur úr verðbólgu og auðveldar neytendum að velja hollt. Frekari upplýsingar má finna hér: <https://ns.is/malaflokkar/einfaldar-merkingar-audvelda-valid/>
 - **Úrbætur á váttryggingamarkaði**

Stjórn Neytendasamtakanna vekur athygli stjórnvalda á nýútkominni skýrslu um váttryggingamarkaðinn. Settar eru fram sjö tillögur að úrbótum, sem snúa að því að auka sanngirni, samræmingu og draga úr kostnaði. Samhliða myndu iðgjöld lækka, sem yrði bæði búbót fyrir heimilin og drægi úr verðbólgu. Skýrsluna og tillögurnar má finna hér: <https://ns.is/tryggingaskýrsla-neytendasamtakanna-2026/>
- Tillagan var samþykkt samhljóða

5. Umræður um áherslumál Neytendasamtakanna 2026

- Þórarinn Stefánsson lagði fram tillögu að áherslum Neytendasamtakanna 2026 sem nefnd á vegum stjórnar hafði unnið milli funda.
- Nokkrar umræður urðu um tillögurnar. Ákveðið var að vinna þær áfram fram að aðalfundi í apríl og leggja þær síðan fyrir fyrsta stjórnarfund nýrrar stjórnar sem kosin verður á aðalfundinum.

6. Næstu stjórnarfundir

- Gerð var tillaga um að næstu stjórnarfundir verði haldnir:
 - 08.04.2026 kl. 17:15
 - 06.05.2026 kl. 17:15

Tillagan var samþykkt samhljóða

7. Önnur mál

- Magga Dóra benti á að neytendasamtökin í Noregi berjast gegn illa gerðum hugbúnaði og svokallaðri hægðun stafrænnar þjónustu, þar sem stórir erlendir aðilar hanna hugbúnað sinn þannig að notendur festast í vistkerfi þeirra. Margrét Dóra lagði til að Neytendasamtökin tækju þátt í þessu mikilvæga máli.

8. Fundargerð lesin upp til samþykktar

- Fundargerðin var lesin upp og samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

9. Fundarslit

- Fundarslit kl. 18:51.